

---

## Strandavegur um Veiðileysuháls, Árneshreppi Ákvörðun um matsáætlun

---

### 1 INNGANGUR

Þann 24. apríl 2020 barst Skipulagsstofnun tillaga Vegagerðarinnar að matsáætlun vegna Strandavegar um Veiðileysuháls, Árneshreppi, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Árneshrepps, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Landgræðslunnar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Strandavegur um Veiðileysuháls, Árneshreppi.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Árneshreppi með bréfi dags. 26. maí 2020,
- Hafrannsóknastofnun með tölvubrési dags. 13. maí 2020,
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með tölvubrési dags. 20. maí 2020,
- Landgræðslunni með tölvubrési dags. 18. maí 2020,
- Minjastofnun Íslands með tölvubrési dags. 14. maí 2020,
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvubrési dags. 22. maí 2020,
- Orkustofnun með tölvubrési dags. 8. júní 2020,
- Umhverfisstofnun með tölvubrési dags. 20. maí 2020.

Athugasemd við tillögu að matsáætlun barst frá Arnari Grétarssyni með tölvupósti dags. 14. og 19. maí 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti 20. maí og með bréfi dags. 28. maí 2020.

### 3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

#### Landslag og ásýnd

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að landslagið sem Strandavegur liggur um á milli Kráku og Kjósarar er að hluta til lítt snortið heiðalandslag, en á láglendi er það mótað af búskap þótt bæir á svæðinu séu komnir í eyði. Byggð er í Djúpuvík í Reykjarfirði en Veiðileysufjörður er nú eyðifjörður með frístundahúsum.



Nýr og endurbyggður vegur mun fylgja núverandi vegum á köflum en endurbyggður vegur verður hærrí og breiðari en núverandi vegur og skeringar og fyllingar meiri. Einnig verða vegskurðir meðfram veginum breiðari en meðfram núverandi vegi. Mestu breytingarnar verða þar sem þörf er á miklum skeringum og fyllingum. Nýr og endurbyggður vegur mun liggja með minni halla um Veiðileysuháls en núverandi vegur. Þar verða talsvert miklar breytingar á landslagi.

Í frummatsskýrslu verður staðháttum og landslagi á rannsóknarsvæðinu lýst og landslagi skipt í landslagsheildir eftir landslagi, gróðurfari og jarðmyndunum. Útbúnar verða þrívíddarmyndir sem sýna samanburð á landslagi fyrir og eftir framkvæmdir. Lagt verður mat á gildi landslagsheilda og verndargildi þeirra metið. Á grunni landslagsheilda verða áhrif framkvæmda metin og skoðað hvernig framkvæmdin fellur að ríkjandi línunum í landslaginu.

Áhrif framkvæmdarinnar á landslag, gildi þess og einkenni, verða metin og gerð tillaga að mótvægisáðgerðum þar sem það á við. Við hönnun verður lögð rík áhersla á að aðlaga skeringar og fyllingar sem best að landslagi. Útsýni að og frá fyrirhuguðum vegum og að námusvæðum, þ.e. sjónræn áhrif, verða gerð skil með þrívíddarmyndum.

Í svörum framkvæmdaraðila við athugasemd við drög að tillögu að matsáætlun kemur fram að Vegagerðin hafi áform um að byggja nýjan Strandaveg um Veiðileysuháls vel upp úr landi. Hann verður að lágmarki 1,0 m hár en víðast hærrí. Hæstu fyllingar verða 19,0 m háar og dýpstu skeringar allt að 27,0 m djúpar.

Í frummatsskýrslu þarf að birta skýran rökstuðning fyrir nauðsyn á hæð fyllinga og dýpt skeringa sem settar eru fram í gögnum Vegagerðarinnar þar sem ljóst er að hér er um mikið inngríp inn í náttúru þessa lítt snortna svæðis. Þá þarf í frummatsskýrslu að birta sýnileikakort og ljósmyndir frá völdum sjónarhornum af núverandi aðstæðum og til samanburðar þarf að færa inn fyrirhugaða veglínu á ljósmyndir (líkanmyndir) og þannig leitast við að sýna hugsanlegar ásýndarbreytingar. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að skýr rök verði í frummatsskýrslu fyrir vali sjónarhorna líkanmynda. Í frummatsskýrslu þarf að leitast við að sýna ásýnd úr fjarlægð þar sem svo umfangsmiklar fyllingar og skeringar er að finna til að átta sig betur á umfangi þessa framkvæmdaþátta.

Í frummatsskýrslu þarf að birta langsníð frá upphafi framkvæmdar við Krákumel til a.m.k. stöðvar 7500, sem lýsir hæðarferli valkosta nr. 708.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á aðgerðir sem dregið geta úr eða bætt möguleg neikvæð áhrif á ásýnd.

### **Lífríki í fjöru og grunnsævi**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að veglína Strandavegar komi til með að liggja á mörkum lands og sjávar í Reykjarfirði á rúmlaga 2 km kafla. Fram kemur að þær vistgerðir sem munu raskast séu algengar og falli vernd þeirra ekki undir ákvæði náttúruverndarlaga.

Hafrannsóknastofnun leggur til að gerð verði úttekt á þeim fjörum sem til stendur að raska, þannig að hægt sé að leggja mat á hugsanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á þær. Einnig hvetur stofnunin framkvæmdaraðila til þess að halda raskinu í lágmarki til þess að áhrif á fjörunar verði sem minnst.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að gerð verði úttekt á lífríki fjöru og grunnsævis sem raskast. Fjörur í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði verða mældar upp og afmarkaðar á loftmyndum. Í frummatsskýrslu verður mælt hve stór fjörusvæði skerðast vegna framkvæmda. Tekin verða sýni úr fjörum á 2-3 stöðum (3 sýni á stöð) í Reykjarfirði. Þéttleiki og tegundasamsetning fjörusýna verður skoðuð, þannig að yfirlit fáiast um dýra- og þangtegundir og hvort þar er um sjaldgæfar tegundir að ræða og fjalla um möguleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.



Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á áhrif sem fyrirhugað rask mun mögulega hafa á lífríki fjöru og grunnsævis.

### Lífríki í ám og vötnum

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að rannsóknir á vatnalífi og fiskistofnum skortir á mögulegu framkvæmdasvæði og því engar upplýsingar um lífríki í ám og vötnum virðast liggja fyrir. Við val á veglínu, hönnun og framkvæmd vegar og gerð ræsa, verður leitast við af fremsta megni að spilla sem minnst ám og vötnum og umhverfi þeirra og draga þannig úr áhrifum framkvæmdarinnar á lífríkið.

Hafrannsóknastofnun bendir á að flestar þveranirnar verða staðsettar á ófiskgengum hluta lækjanna þar sem eingöngu gætu fundist staðbundinn smár silungur. Eina áin sem gæti verið með göngufisk er Kjósará og væri þar líklegast um sjóbleikju að ræða. Þar á hins vegar að byggja nýja brú yfir ána sem verður ekki gönguhindrun fyrir laxfiska hvorki seiði né fullorðinn fisk, enda yrði farvegur árinna náttúrulegur undir brúnni. Almennt séð þarf að taka tillit til lífríkis í vatni við framkvæmdir eins og þessa sem um ræðir. Raskið vegna framkvæmdar mun hafa einhver áhrif á lífríkið, en verður að mestu bundið við framkvæmdatímann og ætti ekki að hafa varanleg áhrif.

Hafrannsóknastofnun bendir á að hafa þarf í huga, við framkvæmdir við ár og vötn, að hönnun ræsa taki mið af því því að straumhraði og dýpi í ræsum tryggja að fiskur geti gengið um ræsin, þess sé gætt að halda umferð vinnutækja með árbökkum í lágmarki eins og kostur er ásamt því að gæta þess að vélar smiti ekki olíu eða öðrum skaðlegum efnum í árvatnið. Stofnunin bendir á að forðast ætti efnistöku úr virkum farvegi vatnsfalls eða það nærri vatnsfalli að vatn geti leitað inn á efnistökusvæði úr farveginum, auk þess sé mikilvægt er að framkvæmdaraðili/verktaki séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og leitað sé leiða til að lágmarka umhverfisáhrif.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að þær upplýsingar sem koma fram við undirbúning framkvæmdarinnar verði nýttar. Farið verði eftir þeim ábendingum sem koma fram í umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig hönnun ræsa taki mið af því því að straumhraði og dýpi í ræsum tryggja að fiskur geti gengið um þau.

### Gróður og jarðvegur

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að útbúið verður stafrænt vistgerðarkort af rannsóknarsvæðinu. Vistgerðir verða afmarkaðar á loftmyndakorti og sýndar í skýrslu um gróður í mælikvarðanum 1:10.000. Í frummatsskýrslu verður lagt mat á flóru og tegundafjölbreytni svæðanna sem veglínan liggur um, fjölbreytni gróðurlenda og verndargildi þeirra. Reiknuð verður út stærð þeirra gróðurlenda sem raskast. Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á gróðurfar verða metin, m.a. möguleg skerðing á votlendi og gerðar tillögur að mótvægisáðgerðum, svo sem um möguleika á endurheimt votlendis í stað þess sem raskast.

Í frummatsskýrslu verður fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir við að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á gróðurfar, eins og t.d. að varðveita efsta lag jarðvegs, svarðlag sem fellur til í vegstæði og nýta aftur við frágang vegfláa, skeringa og náma.

Landgræðslan beinir þeim tilmælum að forðast rask á jarðvegi og gróðri eins og kostur er og nýta gróðurtorfur sem falla til við framkvæmdir til lagfæringa eftir rask. Til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður og jarðveg ætti að leggja gróðurtorfur til hliðar og koma þeim fyrir á yfirborði í lok frágangs þar sem við á. Jafnframt að gæta sérstaklega að votlendi og leitast við að valda sem minnstu raski ef ekki verður hjá því komist að vegstæði fari yfir votlendi. Þá ítrekar Landgræðslan



mikilvægi mótvægisáðgerða vegna rasks til að tryggja vernd- og endurheimt gróðurs að lágmarki til jafns við þann sem tapast.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila er tekið undir umsögn Landgræðslunnar. Við framkvæmdir verður forðast að raska jarðvegi og gróðri utan skilgreinds framkvæmdasvæðis. Jarðvegi og gróðri verði haldið til haga og jafnað yfir röskuð svæði eins fljótt og kostur er og að við val á aðferðum við endurheimt staðargróðurs verði tekið mið af umhverfisaðstæðum en mismunandi uppgræðsluáðgerðir geta hentað mismunandi svæðum. Reynt verði að raska votlendi sem minnst og að votlendi verði endurheimt í stað þess sem raskast.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áformum um hvernig dregið verður úr röskun á jarðvegi og gróðri utan skilgreinds framkvæmdasvæðis.

### **Fornleifar**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að skráning fornleifa hafi farið fram á mögulegu framkvæmdasvæði í tengslum við gerð aðalskipulags. Engar friðlýstar fornleifar eru innan 100 m frá mögulegu framkvæmdasvæði.

Minjastofnun Íslands bendir á að ef í ljós komi meðan á mati á umhverfisáhrifum stendur, að stækka þurfi rannsóknarsvæðið vegna nýrra náma, nýrra veglína eða breyttrar legu veglínu 708 sem kemur fram í tillögu að matsáætlun, verði það gert og kynnt í frummatsskýrslu. Minjastofnun vekur athygli á að ef fyrirhugaðar framkvæmdir fara út fyrir skilgreint rannsóknarsvæði þarf að fá fornleifafræðing til að skoða þann hluta framkvæmdasvæðisins sem ekki er fyrirhugað að athuga í núverandi áætlun.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að ef fyrirhugaðar framkvæmdir fara út fyrir skilgreint rannsóknarsvæði mun Vegagerðin fá fornleifafræðing til að skoða þann hluta framkvæmdasvæðisins sem ekki er fyrirhugað að athuga í núverandi áætlun. Sama gildir um aðra sérfræðinga og viðeigandi rannsóknarþætti.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir viðbrögðum ef fyrirhugaðar framkvæmdir fara út fyrir skilgreint rannsóknarsvæði.

### **Efnistaka**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að efni verður fengið úr skeringum og námum á svæðinu. Lítið er um laust efni á svæðinu og víða sem þyrfti að sprengja til að fá efni. Efnisþörf fyrir framkvæmdina er talin 675.000 m<sup>3</sup>, þar af 11.000 m<sup>3</sup> úr námum, en 664.000 m<sup>3</sup> úr skeringum.

Niðurstöður frumathugana á efnistökmöguleikum verða birtar í frummatsskýrslu. Þar verður gerð grein fyrir því hvernig efnismálum verður háttað og staðsetning efnistökuastaða sýnd á teikningum. Fjallað verður um magn og tegund efnis sem þarf til framkvæmda. Greint verður frá núverandi aðstæðum á námusvæðum, fyrirhugaðir efnistökuastaðir verða kortlagðir og sýndar ljósmyndir af þeim.

Í frummatsskýrslu verður umfjöllun um efnisvinnslu og hversu mikið efni verður tekið á hverjum stað. Gerð verður grein fyrir frágangi náma í samræmi við gildandi lög um frágang efnistökuastaða. Lagt verður mat á verndargildi efnistökuastaða og áhrif efnistöku á gróðurfar, fugla, menningarminjar, jarðmyndanir og landslag.

Hafrannsóknarstofnun bendir á að ekki liggur ljóst fyrir skv. tillögu að matsáætlun hvernig efnistöku verður nákvæmlega háttað. Stofnunin bendir á að almennt gildi að forðast ætti efnistöku úr virkum farvegi vatnsfalls eða það nærri vatnsfalli að vatn geti leitað inn á efnistökusvæði úr farveginum.



Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því efnismagni sem áætlað er að þurfi til framkvæmdarinnar og hvaðan efnið er fengið. Birta þarf ljósmyndir frá völdum sjónarhornum af núverandi aðstæðum og þannig leitast við að sýna hugsanlegar ásjndarbreytingar.

### Valkostir

Í tillögu að matsáætlun eru þrjár veglínur nýs Strandavegar kynntar í stað núverandi vegar um Veiðileysuháls, þ.e. veglína 702 sem er á aðalskipulagi, veglína 602 sem er einnig kynnt á aðalskipulagi og ný veglína 708. Veglína 602 kemur ekki til greina vegna lengingar leiðarinnar, kostnaðar og ofanflóðahættu og því verða umhverfisáhrif hennar ekki metin. Veglína 703 kemur ekki til greina vegna legu hennar úti í sjó við Djúpuvík. Veglína 708 er ný útfærsla á veglínu 703 þar sem veglínan hefur verið færð til í Kúvíkurdal þar sem hætta er á snjósöfnun og einnig við byggðina í Djúpuvík, því þar er mikilvægt að rjúfa ekki staðarandann með vegi úti í sjó.

Í frummatsskýrslu verða metin áhrif af lagningu veglínu 708. Vegagerðin telur ekki ástæðu til að fjalla um aðrar veglínur í frummatsskýrslu en í matsvinnunni verður skoðað hvort mögulegt er að færa veglínuna til á köflum ef niðurstöður rannsókna vegna mats á umhverfisáhrifum sýna fram á neikvæð áhrif hennar á umhverfið.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að núllkostur sé ekki talinn uppfylla kröfur samgönguáætlunar og Vegagerðarinnar um öruggar og greiðar samgöngur og sé því ófullnægjandi því að vegurinn er vegtæknilega óviðunandi og aðeins er mögulegt að nýta hann sem sumarveg þar sem hann liggur um Veiðileysuháls. Einnig liggur hann um krappar, þröngar og blindar beygjur milli húsa í Djúpuvík þar sem er illmögulegt að skilja að umferð gangandi og akandi vegfarenda.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að við nánari útfærslu á aðalvalkosti verði sérstaklega hugað að því að lágmarka áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið. Að hönnun taki mið af því að lágmarka skeringar og fyllingar þannig fyrirhuguð veglína falli með sem bestum hætti við núverandi landslag og raski sem minnst þeirri landslagsheild sem fyrir er á svæðinu.

### Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

## 4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemd sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi skilyrðum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að birta skýran rökstuðning fyrir nauðsyn á hæð fyllinga og dýpt skeringa sem settar eru fram í gögnum Vegagerðarinnar þar sem ljóst er að hér er um mikið inngrip inn í náttúru þessa lítt snortna svæðis. Þá þarf í frummatsskýrslu að birta sýnileikakort og ljósmyndir frá völdum sjónarhornum af núverandi aðstæðum og til samanburðar þarf að færa inn fyrirhugaða veglínu á ljósmyndir (líkanmyndir) og þannig leitast við að sýna hugsanlegar ásjndarbreytingar. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að skýr rök verði í frummatsskýrslu fyrir vali sjónarhorna líkanmynda. Í frummatsskýrslu þarf að leitast við að sýna ásjnd úr fjarlægð þar sem svo umfangsmiklar fyllingar og skeringar er að finna til að átta sig betur á umfangi þessa framkvæmdaþátta.
2. Í frummatsskýrslu þarf að birta langsið frá upphafi framkvæmdar við Krákumel til a.m.k. stöðvar 7500, sem lýsir hæðarferli valkosti nr. 708.



3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á aðgerðir sem dregið geta úr eða bætt möguleg neikvæð áhrif á ásýnd.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á áhrif sem fyrirhugað rask mun mögulega hafa á lífríki fjöru og grunnsævis.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig hönnun ræsa taki mið af því því að straumhraði og dýpi í ræsunum tryggi að fiskur geti gengið um ræsin.
6. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áformum um hvernig dregið verður úr röskun á jarðvegi og gróðri utan skilgreinds framkvæmdasvæðis.
7. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir viðbrögðum ef fyrirhugaðar framkvæmdir fara út fyrir skilgreint rannsóknarsvæði.
8. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því efnismagni sem áætlað er að þurfi til framkvæmdarinnar og hvaðan efnið er fengið. Birta þarf ljósmyndir frá völdum sjónarhornum af núverandi aðstæðum og þannig leitast við að sýna hugsanlegar ásýndarbreytingar.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 21. september 2020.

Reykjavík, 18. ágúst 2020

Sigurður Ásbjörnsson

Jón Smári Jónsson